

Innkomnar umsagnir og athugasemdir – Breyting á deiliskipulagi, Hafnarstræti 34

Aðili	Athugasemd/umsögn	Viðbrögð við athugasemd/umsögn
Minjasafnið á Akureyri	<p>1. Tillagan gengur gegn markmiðum gildandi aðal- og deiliskipulags þar sem ákvæði gefa kost á allt að 14,8 m breiðum húsum sem samsvarar allt að tvöfaldri breidd gömlu húsanna á svæðinu.</p> <p>2. Gera þarf betur grein fyrir staðsetningu, stærð og formi húsa þannig að meta megi áhrif hennar á bæjarmyndina.</p> <p>3. Þar sem tillagan er í sögulega merkilegri byggð hefði átt tillöguna áður en hún var formlega auglýst, t.d. á almennum íbúafundi.</p>	<p>1. Komið verður til móts við athugasemdina með því að setja skilyrði um að hús á lóðunum megi að hámarki vera 9 m að breidd, sem er í samræmi við aðliggjandi hús, Hafnarstræti 28 og 30. Þá er í deiliskipulagi gert ráð fyrir að hús á lóðinni verði í samræmi við byggðamynstur á svæðinu.</p> <p>2. Í deiliskipulaginu eru ákvæði sem miða að því að húsin samræmist byggðarmynstri á svæðinu en til að skýra ákvæðin betur verða settar inn skýringarmyndir sem sýna betur fyrirhugað útlit og form.</p> <p>3. Almennt er vilji til að kynna öll skipulagsmál vel fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum en yfirleitt er það umfang verkefna sem ræður því hvort að talin sé þörf á sérstökum íbúafundi. Í þessu tilviki var það talið nægjanlegt að auglýsa breytinguna með áberandi hætti.</p>
Minjastofnun	<p>1. Gerð er athugasemd við stærð og staðsetningu byggingarreita</p>	<p>1. Komið verður til móts við athugasemdina með því að setja skilyrði um að hús á lóðunum megi að hámarki vera 9 m að breidd, sem er í samræmi við aðliggjandi hús, Hafnarstræti 28 og 30. Í deiliskipulaginu eru ákvæði sem miða að því að húsin samræmist byggðarmynstri á svæðinu en til að skýra ákvæðin betur verða settarinn skýringarmyndir sem sýna betur fyrirhugað útlit og form. Ekki er talið æskilegt að færa byggingarreiti nær Hafnarstræti þar sem betra er að hafa útisvæði lóðarinnar við þá götu frekar en Drottningarbraut, sem er mun umferðarmeiri.</p>
Gunnar Torfi Benediktsson	<p>1. Er því mótmælt að eingöngu sé gert ráð fyrir einu bílastæði á hverja íbúð. Í gildandi deiliskipulagi er gerð krafa um tvö bílastæði per íbúð.</p>	<p>1. Gert er ráð fyrir að íbúðir í húsunum verði litlar, almennt undir 60 fm að stærð, og er því ekki talin þörf á að hafa fleiri stæði en 1 á hverja íbúð. Er það í samræmi við það sem almennt gerist í deiliskipulagi íbúðarsvæða á Akureyri, t.d. Hagahverfi.</p>